

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, HULA SKÓGASANDI

---

<b>Dagsetning</b>	17.8.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hula bs Skógasandi	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	útrunnið, undanþága til 1.8.2012
<b>Heimilisfang</b>	Austurvegi 17 870 Vík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	430697-2269	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Ágúst I. Ólafsson
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Staðsetning starfstöðvar,(hnit)</b>	63° 30,395°N 19° 32,269W
<b>Starfsemi</b>	Urðun almenns úrgangs		

---

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd og tvö frávik staðfest. Frávikin varða úrgangsflokka sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi og starfsleyfistryggingu sem rekstraraðili þarf að taka fyrir urðunarstaðinn. Athugasemd er gerð við geymslu úrgangs, m.a. spilliefna við austurhlið urðunarsvæðisins.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs. Urðunarstaður var skoðaður með Birgi Þórðarsyni frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Starfsleyfistrygging fyrir urðunarstaðinn hefur ekki borist Umhverfisstofnun

**Frávik frá:** 17. grein reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, en samkvæmt henni ber rekstraraðila að leggja fram starfsleyfistryggingu, fjárhagslega tryggingu eða í formi ábyrgðar er tryggi að þær skyldur sem fylgja starfsleyfi, m.a. vöktun eftir að urðunarstað hefur verið lokað verði uppfylltar. Nánar er kveðið á um trygginguna í fyrrnefndri grein.

### Frávik 2:

Eitthvað var af brotamálmi og dekkjum á urðunarsvæði Hulu bs við eftirlit.

**Frávik frá:** Ákvæði 3.1 í starfsleyfi en þar er gert grein fyrir þeim heimildum sem rekstraraðili hefur til meðhöndlunar úrgangs, hvort sem það er geymsla, flokkun, urðun o.s.frv sem og eru þeir úrgangsflokkar sem heimilaðir eru tilgreindir. Ofanefnt er ekki þar á meðal.

Hafi rekstraraðili hug á að halda áfram geymslu brotamálma og dekkja á svæðinu ber honum að tilkynna stofnuninni breytingu á rekstri skv. ákv. 1.4 í starfsleyfi og 18. gr. reglugerðar 785/1999. Umhverfisstofnun mun þá meta upplýsingarnar og innan 4 vikna tilkynna rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

### Athugasemd 1

Á austurhlið urðunarsvæðis var talsvert plast í girðingu og utan en við hlið girðingar er talsvert af alls kyns úrgangi, m.a. spilliefni. Rekstraraðili er kvattur til að hlutast til um að farið verði að löggjöf varðandi meðhöndlun úrgangs á svæðinu.

### Önnur atriði:

Engin önnur atriði

Reykjavík, 6.12.2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.